

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 26. mars 2021.

Mál nr. 464/2020:

Ákærvaldið

(Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir saksóknari)

gegn

Presti Thorarensen

(Björgvin Þorsteinsson lögmaður,

Helga Björg Jónsdóttir lögmaður, 2. prófmál)

(Inga Lilly Brynjólfsson réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Sönnun. Miskabætur. Ómerkingarkröfu hafnað.

Útdráttur

Þ var sakfelldur fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa haft samræði við A sem gat ekki spornað við verknæði hans sökum svefndrunga og ölvunar og eftir að hún vaknaði beitt hana ofbeldi og ólögmetri nauðung og án samþykkis hennar haft við hana endaparmsmök. Var refsing þ ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði auk þess sem honum var gert að greiða A 2.000.000 króna í miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen og Hildur Briem, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 7. júlí 2020 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 2020 í málinu nr. S-[...]/2020.
- 2 Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða og að refsing hans verði þyngd.
- 3 Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins og að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Að því frágengnu krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og verulegrar lækkunar á einkaréttarkröfu brotþola.
- 4 Brotþoli, A, krefst þess aðallega að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. apríl 2016 til 7. júní 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1.

mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða dóms um greiðslu miskabóta.

- 5 Við aðalmeðferð málsins voru að ósk ákærvaldsins spilaðar skýrslur ákærða og brotþola í héraði í hljóði og mynd. Engar óskir komu fram af hálfu ákærða um sönnunarfærslu fyrir Landsrétti.

Málsatvik

- 6 Í máli þessu er ákærða gefin að sök nauðgun með því að hafa að næturlagi eða snemma morguns í apríl 2016, á þáverandi heimili brotþola að [...], haft samræði við hana þar sem hún lá sofandi í rúmi sínu en hún hafi ekki getað spornað við samræðinu sökum svefndrunga og ölvunar og eftir að hún vaknaði beitt hana ofbeldi og ólögmætri nauðung og án samþykkis hennar haft við hana endaparmsmök, meðal annars með því að halda henni fastri.
- 7 Atvikum málsins er lýst skilmerkilega í hinum áfrýjaða dómi auk þess sem framburður ákærða og vitna fyrir héraðsdómi er ítarlega rakinn. Líkt og þar kemur fram lýsa ákærði og brotþoli með ólíkum hætti aðdraganda þess að ákærði fór heim með brotþola og því sem þar gerðist. Brotþoli heldur því fram að hún hafi boðið ákærða ásamt öðrum starfsmanni gistingu þar sem þeir hafi þurft að fara um langan veg heim en aðeins ákærði þegið boðið. Hún hafi búið um ákærða í stofunni og farið sjálf að sofa inni í svefnherbergi. Hún hafi svo vaknað við að ákærði var að hafa við hana samræði. Hafi hún beðið ákærða að stoppa og sagt honum að hún vildi þetta ekki. Þrátt fyrir það hafi ákærði haldið samförunum áfram og meðal annars haft samræði við hana um endaparm. Ákærði kveður á hinn bóginn tilefni þess að hann fór heim með brotþola að hann hafi spurt hana hvort hún „vildi kúra“, sem hún hafi svarað „sure“. Samfarirnar hafi ekki verið gegn vilja hennar og þá hafi þau ekki haft endaparmsmök.

Niðurstaða

- 8 Kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms byggir ákærði á því að honum hafi í upphafi skýrslutöku hjá lögreglu ekki verið kynnt með fullnægjandi hætti hvert sakarefnið væri, honum hafi ekki gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á rannsóknarstigi og þá hafi skort verulega á að rannsókn málsins væri fullnægjandi. Þar af leiðandi hafi skilyrði til útgáfu ákæru ekki verið fyrir hendi. Jafnframt hafi mat héraðsdóms á trúverðugleika framburðar brotþola og samstarfsmanna hennar verið rangt.
- 9 Ákærði kaus sjálfur að tjá sig ekki við skýrslutöku lögreglu um framkomnar ásakanir brotþola svo sem honum var frjálst að gera, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Að því gættu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er því hafnað að þau frávík hafi verið við tilhögun skýrslutöku lögreglu af ákærða að frávísun frá héraðsdómi varði. Verður hinn áfrýjaði dómur ekki ómerktur á þeim grunni. Ákærvaldið mat jafnframt framkomin rannsóknargögn nægileg til útgáfu

ákæru í málinu. Sú ákvörðun um meðferð valdheimilda ákæruvalds sætir ekki endurskoðun dómstóla við úrlausn máls, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 26. október 2011 í máli nr. 578/2011. Þá sætir mat héraðsdómara á sönnunarfærslu endurskoðun Landsréttar og getur af þeim sökum ekki valdið því að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur. Samkvæmt framansögðu er ómerkingarkröfu ákærða hafnað.

- 10 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir á ákæruvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Dómari metur hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 109. gr. sömu laga. Í máli þessu nýtur ekki við sýnilegra sönnunargagna sem varpað geta ljósi á atvik þau sem ákæran lýtur að. Ráðast lyktir málsins þannig af mati á sönnunargildi og trúverðugleika framburðar brotþola annars vegar og ákærða hins vegar fyrir héraðsdómi en einnig hjá lögreglu. Við þetta mat geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, einnig haft þýðingu að því marki sem unnt er að draga ályktanir um sakarefnið af framburði þeirra.
- 11 Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um atvik á heimili brotþola. Svo sem fram er komið greinir þau á um hvernig það bar til að ákærði fór heim með brotþola, hvort samræði hafi verið með samþykki brotþola sem og um hvort það hafi meðal annars falið í sér endaðarmsmök. Brotþoli hefur verið samkvæm sjálfri sér í frásögn sinni og er framburður hennar trúverðugur sem og skýringar hennar á því hvers vegna hún dró svo lengi að kæra málið til lögreglu en hún lagði fram kæru á hendur ákærða 4. júní 2019. Á hinn bóginn skorti á að ákærði svaraði spurningum ákæruvalds í héraði um mikilsverð atriði með afgerandi hætti sem er til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar hans. Er ákærði var spurður að því hvort frásögn brotþola, um að hún hefði sofnað og vaknað við að hann var að hafa við hana samræði, væri rétt svaraði hann: „Ég tel það ekki rétt“ og greindi í framhaldinu frá því að þau hefðu talað saman. Hann hefði kysst hana og hún kysst hann til baka. Þegar ákærði var spurður: „Nú varst þú að segja að þið hefðuð verið í trúboðastellingunni, þannig að þú hefur væntanlega þá séð framan í hana ... Var hún þá vakandi?“ svaraði hann: „Ja, ég meina ég held það, ég get ekki sagt að ég muni alla svona minnstu díteilana núna enda var þetta ekkert eitthvað eftirminnilegasta kvöldið skilur þú.“ Hafði ákærði samt sem áður gefið langa og ítarlega lýsingu á því í hverju kynlíf hans og brotþola hefði falist. Þegar ákærði var svo spurður hvort hann hefði haft endaðarmsmök við brotþola svaraði hann: „Nei, ég held að það séu engar líkur á því. Annars hefði ég væntanlega ekki haft áhyggjur af því að barna hana.“ Þá hefur ákærði ekki lýst neinum samdrætti milli sín og brotþola í aðdraganda atviksins, utan þess sem fyrr greinir um að hafa spurt hvort hún vildi „kúra“ en við það kannast brotþoli ekki. Dregur það einnig úr trúverðugleika framburðar hans. Fram er komið að ákærði kaus að tjá sig ekki við lögreglu um það sem honum er gefið að sök. Af því leiðir að ekki er unnt að leggja mat á stöðugleika framburðar ákærða, hvorki honum í hag né óhag.

- 12 Framburður brotþola fær jafnframt stoð í framburði vitna. Framburður hennar um að hún hafi boðið ákærða og vitninu B gistingu þar sem þeir hefðu um langan veg að fara fær stoð í framburði B sem bar fyrir héraðsdómi að „þá býður [brotþoli] mér gistingu bara svo þabbi þurfi ekki að sækja mig. Mér svona leist ekkert allt of vel á það [...] þannig að ég afþakka [...] en svo þiggur [ákærði] boðið án þess beint að hafa verið boðin gisting.“ Að sama skapi fær framburður ákærða, um að aðdragandi þess að hann hefði farið heim með brotþola hafi verið að hann spurði hana hvort hún „vildi kúra“, ekki stoð í framburði B sem sagðist ekki hafa orðið var við samdrátt á milli ákærða og brotþola um kvöldið. Framangreind frásögn brotþola er einnig í samræmi við framburð ákærða að því leyti að hann staðfesti að brotþoli hefði skilið við hann í uppþúnum svefnsófa í stofunni er hún fór inn í svefnherbergi sitt.
- 13 Þá fær sá framburður brotþola, að ákærði hafi, eftir jólahlaðborð starfsfólks 2016, gengið að henni drukkinn og beðið hana ítrekað afsökunar, stoð í framburði vitnisins D sem bar fyrir héraðsdómi að hann hefði séð er ákærði, eftir starfsmannapartí „mögulega undir áhrifum áfengis og grátandi og [sagt] á ensku sorry, sorry. Og [brotþoli] ýtti honum frá, hann datt og hann stóð upp og sagði þetta aftur.“ Ákærði sagðist fyrir héraðsdómi ekki muna eftir þessu en staðfesti að hann hefði farið á þetta jólahlaðborð og verið „ofurölvi“ þetta kvöld.
- 14 Vitnin E og F staðfestu báðar að brotþoli hefði greint þeim frá því fyrir utan [...] haustið 2016 að ákærði hefði nauðgað henni við eftir skemmtun starfsmanna. Þá báru þær báðar um að hafa merkt breytingu á líðan brotþola eftir atvikið. Hafi þær merkt þá breytingu áður en hún greindi þeim frá atvikinu og bar vitnið E meðal annars um að brotþoli hefði ítrekað greint frá því eftir að hún hóf störf að henni liði illa og fyndist erfitt að mæta í vinnuna. Vitnið D staðfesti jafnframt að brotþoli hefði greint honum frá því að ákærði hefði nauðgað henni í framhaldi af skemmtun starfsmanna í tengslum við opnun nýrrar skrifstofu. Brotþoli bar að hún hefði gert það í janúar 2017 en vitnið mundi ekki hvenær hún hefði gert það en það hefði verið „kalt á þessum tíma“.
- 15 Þá staðfesti vitnið C, framkvæmdastjóri og yfirmaður brotþola, að hún hefði leitað til hans milli jóla og nýárs 2017 og greint honum frá því að ákærði hefði brotið gegn henni og hefði hann skilið það svo að um kynferðisbrot hefði verið að ræða. Hann hefði í framhaldinu kallað ákærða til viðtals og sagt honum upp störfum vegna trúnaðarbrotis. Fjármálastjóri fyrirtækisins, vitnið G, hefði einnig verið viðstödd. Báru bæði vitnin um að þótt ákærði hefði ekki gengist við verknaðinum á fundinum hefði hann ekki þrætt fyrir hann og vitað til hvers var verið að vísa þótt framkvæmdastjórinn hefði ekki nafngreint brotþola.
- 16 Einnig gaf fyrrum kærasta ákærða, vitnið H, skýrslu í héraði og bar um að ákærði hefði greint sér frá því að hann hefði brotið kynferðislega gegn samstarfsmanni en þau hefðu bæði verið „drukkinn eftir eitthvað vinnustaðapartí. Svo hefði hann tekið einhverju, líkamstjáníngu eða eitthvað svoleiðis, sem samþykki og hefði þá haft

samfarir með henni og já, og hefði ekki í rauninni vitað að þetta væri kynferðisbrot fyrr en einhverju seinna.“ Er þessi framburður vitnisins í samræmi við skilaboð þess á samskiptamiðlinum Facebook til brotþola 28. október 2019 þar sem meðal annars kemur fram: „Hann játaði við mig, þannig ef þú kærir þá geturu alltaf heyrt í mér til þess að staðfesta það.“ Þá hafa brotþoli og ákærði bæði borið um að hún hafi forðast ákærða á vinnustað þeirra sem samræmist framburði vitnisins C um að brotþola hafi gengið betur í vinnunni eftir að ákærði hætti störfum. Þá játaði vitnið D því aðspurt að hafa tekið eftir óeðlilegum samskiptum milli ákærða og brotþola á vinnustaðnum áður en brotþoli greindi honum frá broti ákærða.

- 17 Framburður brotþola hefur jafnframt stöð í vottorðum sem liggja fyrir í málinu. Samkvæmt vottorði I geðlæknis 26. september 2019 greindi brotþoli frá því í viðtali 3. júlí 2017 að brotið hefði verið á henni kynferðislega af karlkyns samstarfsmanni hjá fyrirtækinu sem hún starfaði hjá. Hafi hún lýst „reiði sinni, sárindum, kvíða og depurð vegna þessa og að henni myndist mjög erfitt að þurfa að umgangast viðkomandi á þeirra vinnustað“. Staðfesti læknirinn framangreint við aðalmeðferð málsins í héraði. Samkvæmt vottorði J, ráðgjafa hjá Stígamótum, 27. ágúst 2019 leitaði brotþoli til Stígamóta 15. maí 2018 vegna kynferðisofbeldis. Í skýrslu ráðgjafans fyrir héraðsdómi staðfesti hún þessa komu brotþola til samtakanna og að brotþoli hefði greint frá miklum kvíða og vanlíðan í vinnunni. Fyrir héraðsdóm mætti einnig vitnið K sálfræðingur og staðfesti vottorð sitt 9. október 2019 þar sem fram kemur að brotþoli hafi greint vitninu frá kynferðisbrotinu 7. mars 2019. Einnig segir þar að brotþoli uppfyllti greinilega öll greiningarskilmerki áfallastreituröskunar. Fyrir Landsrétt var jafnframt lagt vottorð L, sálfræðings og sérfræðings í klínískri sálfræði, 7. mars 2021 þar sem fram kemur að brotþoli hafi greint frá kynferðisofbeldi í apríl 2016 af hálfu þáverandi vinnufélaga síns og niðurstaða klíníks mats væri að brotþoli væri greind með óyndi og áfallastreituröskun, þar sem hún hafi uppfyllt greiningarskilmerki áfallastreituröskunar vegna ætlaðs kynferðisofbeldis.
- 18 Eins og að framan er rakið hefur brotþoli frá upphafi verið samkvæm sjálfri sér. Fær trúverðugur framburður hennar stöð í framburði vitna svo sem að framan greinir, svo og í vottorðum sem renna stöðum undir það að atvikið hafi valdið henni mikilli vanlíðan. Aftur á móti er framburður ákærða um að kynmökin hafi átt sér stað með samþykki hennar metinn ótrúverðugur, enda samræmist hann síður atvikum málsins eins og þau teljast sönnuð eða óumdeild. Að öllu framangreindu virtu ber að leggja trúverðuga frásögn brotþola til grundvallar í málinu. Samkvæmt því þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um sakfellingu ákærða, refsingu hans og sakarkostnað í héraði.
- 19 Brot ákærða var til þess fallið að valda brotþola miska. Þykja bætur til brotþola hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

- 20 Ákærði verður dæmdur til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins svo sem greinir í dómsorði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Þrastar Thorarensen, og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði brotaþola, A, 2.000.000 króna í miskabætur ásamt vöxtum eins og dæmdir voru í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 1.870.594 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar lögmanns, 1.178.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 471.200 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 2020

Mál þetta, sem dómtekið var 22. júní sl., er höfðað á hendur Þresti Thorarensen, kt. [...], með ákæru útgefinni af Héraðssaksóknara, dagsettri 2. apríl 2020, fyrir nauðgun, með því að hafa að næturlagi eða snemma morguns í apríl 2016, á þáverandi heimili A, kt. [...], að [...] í [...], haft samræði við A sem lá sofandi í rúmi sínu, en hún gat ekki spornað við samræðinu sökum svefndrunga og ölvunar, og eftir að A vaknaði beitt hana ofbeldi og ólögmætri nauðung og án samþykkis haft við hana endaparmsmök, meðal annars með því að halda henni fastri.

Er þetta talið varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu brotaþola er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 26. apríl 2016 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist að ákærði greiði málskostnað.

Verjandinn krefst vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarþóknun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 4. júní 2019 mætti brotaþoli á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot. Við það tækifæri gaf brotaþoli skýrslu hjá lögreglu. Í framburði brotaþola kom m.a. fram að brotaþoli hefði verið að hefja störf í nýrri vinnu. Hefði henni verið boðið að koma og sjá nýtt húsnæði að [...] í [...] sem hefði verið ætlað undir starfsemi fyrirtækisins. Eftir að hafa skoðað húsnæðið hafi ýmsir af vinnustaðnum farið á veitingastað í [...] þar sem allir hafi fengið sér áfengi að drekka. Þegar nánast allir hafi verið farnir hafi brotaþoli verið eftir ásamt ákærða og B. Í samtali við þá tvo hafi brotaþoli komist að því að þeir ættu báðir um langan veg að fara heim. Hafi brotaþoli því boðið þeim að gista heima hjá sér um nóttina. B hafi ekki þegið það en það hafi ákærði gert. Þau hafi farið heim til brotaþola þar sem hún hafi búið um ákærða á sófa í stofu. Brotaþoli hafi síðan farið að sofa. Hafi hún síðan vaknað við það að ákærði var að hafa við hana samræði um leggöng. Brotaþoli hafi beðið ákærða að hætta en hann ekki gert það heldur þvingað

brotapola til áframhaldandi kynferðismaka og m.a. haft samræði við hana um leggöng. Eftir að þessu lauk hafi brotapolí sagt ákærða að fara. Brotapola hafi liðið illa eftir þetta. Hafi hún ákveðið að reyna að lifa með þessum atburði og sótt sér ýmiss konar aðstoð, m.a. hjá sálfræðingum og geðlæknum. Ákærði hafi höfðað vitnamál á hendur brotapolu vegna þessa máls og brotapolí þá ákveðið að ekki væri hægt að lifa með þessu lengur og lagt fram kærú á hendur ákærða fyrir brotið. Ákærða hafi í desember 2017 ákveðið að tilkynna málið til lögreglu ef vera kynni að hún myndi síðar leggja fram kærú í málinu.

Á meðal gagna málsins er yfirlit úr dagbók lögreglu frá 18. desember 2017. Samkvæmt færslu í dagbók kom brotapolí á lögreglustöð þann dag og óskaði eftir að bókað yrði að hún hefði kynnst ákærða í samkvæmi hjá fyrirtæki sem hún hefði verið að byrja að vinna hjá. Hafi ákærði verið glaður og skemmtilegur. Áfengi hafi verið í samkvæminu. Hafi brotapolí síðan ætlað heim og verið orðin drukkin. Hafi brotapolí boðið tveimur mönnum í samkvæminu að gista heima hjá sér á svefnsófa í stofu. Ákærði einn hafi komið og sofið á svefnsófanum í stofunni. Hafi brotapolí vaknað um nóttina við það að ákærði hafi verið að hafa samfarir við hana. Hafi brotapolí viljað að ákærði hætti en hann ekki gert það. Hafi ákærði haft samfarir um endaparm og brotapolu blætt. Næsta dag hafi brotapolí hringt í ákærða, en hún hafi skammast sín mjög mikið vegna þessa. Hafi brotapolí sagt við ákærða að hún hefði beðið hann að hætta en hann ekki gert það og þetta væri ekki í lagi. Hún væri að fara að vinna á þessum nýja stað og þyrfti vinnuna og peningana svo að hún ætlaði ekki að segja frá þessu. Í jólafríinu 2016 hafi ákærði komið til brotapolu ölvaður og beðist afsökunar. Brotapolí hafi þá sagt að hún vildi ekki tala við hann eða sjá hann. Hafi ákærði reynt að forðast brotapolu en vinnustaður þeirra sé lítill. Í kjölfar metoo-bylgjunnar hafi brotapolí hugsað sitt mál. Ákærði hafi þá sent brotapolu á vinnusnappi mynd af fáklæddu módeli og skrifað „metoo“ á myndina. Þá hafi hann stundum, þegar fleira fólk var í kring, misnotað aðstöðu sína og talað við brotapolu, en hún hafi beðið hann að láta sig í friði. Vildi brotapolí ekki kæra verknaðinn heldur að þetta yrði skráð ef fleiri stúlkur myndu tilkynna um brot af hálfu ákærða. Hafi brotapolí óttast að enginn myndi trúá henni. Brotapolí sé hjá sálfræðingi vegna þessa og hún hafi sagt vinum sínum frá þessu.

Samkvæmt yfirlýsingu frá **Stígamótum** frá 27. ágúst 2019 kom brotapolí fyrst til Stígamóta 15. maí 2018 og mætti í samtals átta skipti vegna kynferðisofbeldis sem hún hafði orðið fyrir. Stígamót séu ráðgjafarmiðstöð fyrir fólk sem beitt hafi verið kynferðisofbeldi.

Á meðal gagna málsins er læknisvottorð frá **geðlækni** dagsett 26. september 2019. Fram kemur að brotapolí hafi verið skjólstaðingur læknisins á tímabilinu 3. júlí 2017 til 4. apríl 2019. Hafi brotapolí komið alls ellefu sinnum. Þá hafi brotapolí gengið til stofugeðlæknis frá árinu 2015 en viðkomandi læknir sé hættur störfum. Hafi brotapolí greint frá því í tíma 3. júlí 2017 að karlkyns samstarfsmaður hefði brotið á henni kynferðislega. Hafi hún lýst reiði, sárindum, kvíða og depurð vegna þessa og að sér hefði fundist mjög erfitt að þurfa að umgangast viðkomandi á vinnustað þeirra. Hafi maðurinn látið sem ekkert hefði í skorist. Hafi brotapolíð íhugað hvort hún gæti unnið á vinnustaðnum áfram en niðurstaða hennar verið sú að hún, [...] í þessari góðu vinnu og með marga góða vinnufélaga, gæti ekki fengið aðra eins góða vinnu áður en hún lyki viðbótarnámi. Hafi verið augljóst að upplifun brotapolu ylli henni vanlíðan.

Á meðal gagna málsins er vottorð sem **sálfræðingur** hefur ritað 9. október 2019. Fram kemur meðal annars að brotapolí hafi fyrst komið í viðtal 7. mars 2019 og mætt í 10 viðtöl til viðbótar. Frásögn brotapolu hafi verið trúverðug og hafi hún nefnt atriði sem hafi mátt sannreyna. Greiningarskilmerki áfallastreituröskunar hafi samkvæmt greiningarkerfinu DSM verið 5, að þolandi hefði upplifað mjög erfitt atvik, að þolandi hefði endurtekið upplifað mjög truflandi minningar eða sterka andlega vanlíðan eða líkamleg viðbrögð þegar eitthvað hefði minnt á atvikið og að þolandi hefði forðast aðstæður eða atriði sem gætu minnt á atvikið. Þá þyrfti þolandi að bregðast við atvikinu á neikvæðan hátt hvað varðaði sjálfan sig, umhverfi sitt eða náungann, kenna sér um og upplifa neikvæðar minningar. Einnig þyrftu líkamleg viðbrögð að vera ýktari eftir atvikið. Framangreind atriði þyrftu að vera til staðar lengur en í einn mánuð og vera mjög truflandi fyrir líf þolandans. Brotapolí hafi greinilega uppfyllt öll þessi greiningarskilmerki í tengslum við hið ætlaða kynferðisbrot. Hafi það komið skýrt fram í viðtölum og sálfræðilegum matslistum.

Ákærði hefur greint svo frá að umrætt atvik hafi átt sér stað á föstudegi. Samstarfsfólkið hafi ákveðið að skoða húsnaði að [...] í [...] sem hafi verið ætlað undir starfseminu. Brotapolí hafi verið að byrja að vinna

með þeim og ákærði verið í sambandi við brotþola um það hvernig hún kæmist til að skoða húsnæðið og boðist til að aka henni. Hafi ákærði sótt hana að [...] og þau ekið til [...]. Áfengi hafi verið í boði í húsnæðinu. Ákærði hafi byrjað að drekka áfengi um kl. 16:00 þennan dag. Húsnæðið hafi verið skoðað. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, C, hafi lýst því hvernig húsnæðið yrði innréttað. Að skoðun lokinni hafi allir farið á veitingastað í [...] þar sem áfengi hafi verið drukkið áfram. Hafi vinnustaðurinn boðið öllum upp á hamborgara og bjór. Stemningin hafi verið góð. Á einhverjum tímamarki hafi tequila-skot verið drukkin. Ákærði hafi reglulega farið út til að reykja og þar hafi brotþoli verið ásamt fleirum. Hafi ákærði verið að kynna brotþola þarna. Samkvæmið hafi síðan lagnast út af og ákærði hringt á leigubíl. Kvaðst ákærði muna eftir því að hafa boðið brotþola í Netflix og chill, en brotþoli sagt nei við því. Slíkt boð jafngilti því að spyrja viðkomandi hvort hann vildi hafa kynmök. Hafi ákærði þá spurt brotþola hvort hún vildi kúra og hún sagt já við því. Þau hafi síðan farið heim til brotþola. Ákærði hafi greitt fyrir bílinn og því komið aðeins á eftir brotþola inn. Er ákærði hafi komið inn hafi verið búíð að kveikja á sjónvarpinu og setja Netflix af stað. Íbúð brotþola hafi verið lítil, með sófa í stofu. Sófinn hafi staðið þannig að snúa hafi þurft höfði til að horfa á sjónvarpið. Ákærði hafi horft á sjónvarpið nokkra hríð og síðan tekið eftir því að brotþoli var komin inn í rúm. Hafi ákærði farið inn til brotþola þar sem hann hafi talið að þau ætluðu að kúra saman, og reynt við brotþola. Honum hafi fundist brotþoli gera lítið úr sjálfri sér og vera hissa á því að ákærði hefði áhuga á henni. Hafi ákærði reynt að láta brotþola hætta slíku tali. Ákærði hafi reynt að kyssa brotþola og fundist brotþoli kyssa sig til baka. Þau hafi haldið áfram að gera meira og meira og ákærði tekið um brjóst brotþola og strokið þau. Honum hafi fundist brotþoli gefa frá sér hljóð sem bentu til þess að hún nyti þessa. Hafi ákærði þá veitt brotþola munnmök og heyrst hún stynja. Ákærði hafi verið orðinn þreyttur, farið í trúboðastellinguna og síðan í hundastellingu. Sökum þreytu hafi ákærði síðan lagst á hliðina. Ákærði hafi ekki haft endaparmsmök við brotþola. Hann hafi ekki verið með smokk og við sáðlát hafi sæðið farið í rúmið. Síðan hafi ákærði sofnað. Nokkru síðar hafi brotþoli vakið ákærða og sagt að hann þyrfti að fara. Hafi það komið ákærða á óvart. Ákærði hafi fundið fötin sín og klætt sig. Því næst hafi hann hringt á leigubíl. Þau hafi farið saman niður í anddyri og reykt saman á meðan þau biðu eftir bifreiðinni. Þar hafi ákærði sennilega haldið utan um brotþola. Ákærði hafi farið heim til sín og sofnað þar en vaknað síðar þennan sama dag og séð sms-skilaboð frá brotþola um að þau þyrftu að tala saman. Ákærði hafi hringt í brotþola og þau rætt saman. Hafi brotþoli sagt að þetta hefði ekki farið eins og hún hefði ætlað og að hún hefði drukkið mikið áfengi. Hafi þau ákveðið að segja samstarfsfólki sínu ekki frá því sem gerðist. Brotþoli hafi spurt ákærða hvort hann hefði verið með smokk við samræðið. Hafi ákærði sagt svo ekki hafa verið og að honum hefði orðið sáðlát í rúmið. Hafi ákærði beðist afsökunar á því að hafa ekki verið með smokk. Að öðru leyti hafi brotþoli verið nokkuð hress í þessu samtali. Hafi ákærða fundist frekar leiðinlegt að ekki yrði meira úr sambandi þeirra. Þau hafi síðan byrjað að vinna saman. Í upphafi hafi allt verið í góðu lagi en þegar frá leið hafi andinn versnað. Hafi ákærði fundið að brotþoli forðaðist hann. Á vinnustaðnum hafi verið fótboltaspil. Einu sinni hafi ákærði ætlað að leika það spil með vinnufélaga en ekki tekið eftir því að brotþoli hafði hallað sér þar sem spilið var. Brotþoli hafi staðið á fætur er þeir komu inn og farið. Hafi andinn ekki verið góður á milli þeirra þá. Næst þegar vinnustaðarsamkvæmi hafi verið hafi andinn milli þeirra ekki verið góður. Hafi ákærði reynt að ræða við brotþola en brotþoli sagt að hún vildi ekki fara heim með ákærða. Samstarfsfélagar hafi komið til þeirra og ákærði því ekki getað rætt þetta frekar. Eftir þetta hafi brotþoli forðast ákærða. Töluvert löngu síðar hafi framkvæmdastjóri fyrirtækisins sagt að hann vildi ræða við ákærða. Hafi ákærði talið að um launaviðtal væri að ræða. Hafi framkvæmdastjórinn sagt í upphafi að samtali yrði leiðinlegt. Fjármálastjóri fyrirtækisins hafi einnig verið viðstödd. Hafi framkvæmdastjórinn sagt að þau hefðu frétt af atvikinu og að ákærði hefði brotið gegn samstarfsfélagi. Væri um trúnaðarþrest að ræða. Hafi verið rætt um starfsmannasamkvæmi þar sem umrætt atvik hefði átt að eiga sér stað. Hafi ákærða þá grunað að atvikið tengdist brotþola og fengið sjökk. Framkvæmdastjórinn hafi sagt að ákærða yrði sagt upp störfum vegna þessa. Ekki hafi verið hægt að ræða um hlutina, ákærði hafi verið niðurbrotinn og ekki tjáð sig um málið. Hann hafi spurt hvað hann ætti að segja við vini sína og framkvæmdastjórinn sagt að uppsögnina mætti skýra með því að um skipulagsbreytingar væri að ræða. Ákærði hafi tekið saman dótið sitt og sagt B vinnufélaga sínum að hann væri að hætta, en þeir hafi deilt skrifstofu. Ákærða hafi síðan verið fylgt út úr fyrirtækinu. Nokkru síðar hafi ákærði fengið vinnu en síðan fengið tölvupóst frá fyrirtækinu um að hann fengi ekki að vinna þar. Hafi ákærða gengið illa að fá vinnu. Loks hafi hann fengið vinnu hjá [...]. Þar hafi hann

síðan verið kallaður á fund og honum tjáð að fyrrverandi vinnufélagi ákærða hefði borið á hann alvarlegar sakir. Spjall í lokuðum hóp hafi farið af stað þar sem ásakanir brotaþola á hendur ákærða hafi verið efnið. Hafi ákærða verið tjáð að hann gæti ekki verið áfram í þessari vinnu. Þetta hafi verið ömurlegt og hafi ákærði leitað til lögfræðings til að skoða hvað hann gæti gert til að rétta sinn hlut. Hann hafi höfðað vitnamál á hendur brotaþola í því skyni og í kjölfar þess hafi brotaþoli kært ákærða fyrir kynferðisbrot. Ákærði kvaðst ekki hafa brotið gegn brotaþola umrætt sinn. Hann hefði ekki beitt brotaþola nauðung.

Brotapoli greindi frá því að í lok apríl 2016 hefði hún ráðið sig í vinnu hjá tilteknu fyrirtæki. Áður en hún byrjaði að vinna hefði henni verið boðið að vera með í heimsókn í nýja vinnuáðstöðu fyrirtækisins í [...]. Hún hafi farið þangað og verið viðstödd þegar aðstaðan var skoðuð. Eftir veruna þar hafi starfsmenn fyrirtækisins farið á veitingastað í [...]. Á meðal þeirra hafi verið ákærði og B, en báðir hafi þeir verið að vinna hjá fyrirtækinu. Áfengi hafi verið drukkið þetta kvöld. Eftir að gestir tándust heim hafi brotaþoli boðið B og ákærða að gista heima hjá sér því brotaþola hafi verið kunnugt um að báðir ættu heima talsvert í burtu og leigubifreið hefði orðið þeim dýr. B hafi ekki viljað gista og ákærði þá verið einn. Hafi brotaþola fundist erfitt að segja þá við ákærða að hann gæti ekki gist. Auk þess hafi ákærði talað um að hann ætti kærustu og það hafi róað brotaþola. Þau hafi farið heim til brotaþola. Ákærði hafi verið mjög ör á leiðinni og talað mikið en brotaþoli hafi verið orðin þreytt og viljað fara að sofa. Hafi brotaþoli því strax búið um sófann í stofunni fyrir ákærða til að hann gæti sofði þar og sagt honum að fara að sofa. Brotaþoli hafi sjálf farið að sofa en hún hafi síðan vaknað upp við það að ákærði var að hafa við hana samfarir. Hafi hún þá verið orðin nakin. Hún hafi beðið ákærða að stoppa og sagt honum að hún vildi þetta ekki. Þrátt fyrir það hafi ákærði haldið samförunum áfram og meðal annars haft samræði við brotaþola um endaparm þar sem ákærði lá á bakinu með brotaþola ofan á sér á bakinu. Um tíma hafi hann haldið höndum brotaþola föstum fyrir ofan höfuð hennar. Hafi brotaþoli ákveðið að bíða þar til ákærði hefði lokið sér af. Eftir að samræðinu lauk hafi brotaþoli beðið ákærða að fara. Síðar sama dag hafi brotaþoli hringt í ákærða og spurt hann hvort hann myndi hvað hann hefði gert. Hafi ákærði sagt að hann myndi ekki eftir því og beðið brotaþola afsökunar á hegðun sinni. Brotaþoli hafi spurt hann hvort hann hefði notað smökk og sagt honum að það sem hann hefði gert hefði verið rangt. Brotaþoli hafi verið nýbúin að fá vinnuna og ekki viljað að ákærði greindi neinum frá því sem hefði gerst. Lán hafi hvílt á húsnaði brotaþola og hún þurft á laununum að halda. Hafi hún ekki viljað að neitt spyrðist út. Um átta mánuðum síðar, eða á jólagleði starfsmanna, hafi ákærði komið upp að brotaþola og beðið hana fyrirgefningar á hegðun sinni. Hafi brotaþola fundist ákærði verið miður sín. Hann hafi síðan reynt að faðma brotaþola, en verið mjög ölvaður. Brotaþoli kvaðst ekki hafa farið til læknis eftir þetta atvik þótt blætt hefði úr endaparmi hennar. Hafi brotaþoli verið með sár þar lengi á eftir. Þá hafi brotaþoli fengið mar um úlnliði þar sem ákærði hafi haldið henni. Brotaþoli kvaðst hafa sagt vinkonu sinni frá atvikinu. Vinkonan hafi sagt brotaþola að gleyma atvikinu. Nokkru seinna hafi brotaþoli sagt annarri vinkonu sinni, sem starfað hafi í [...], frá atvikinu og eins hafi hún sagt vini sínum, D, frá atvikinu. Brotaþoli kvaðst hafa verið hrædd við að leggja fram kæru. Bakland hennar hafi ekki verið gott á þessum tíma, hún hafi verið [...] og með [...] [...]. Hún hefði komið [...] ára gömul. Eftir atvikið hafi hún verið mjög brotin og einmana og ekki getað rætt við neinn um það. Hafi hún aldrei lent í neinu viðlíka áður. Þá hafi vinnan skipt hana miklu máli vegna framfærslunnar. Brotaþoli hafi svo ákveðið að fara til lögreglunnar árið 2017 og láta bóka um atvikið, en ekki viljað leggja fram kæru þá. Loks hafi brotaþoli ákveðið að hætta í vinnunni því hún hafi ekki lengur getað unnið í návist ákærða. Vinnan hafi verið mjög góð og því hafi brotaþoli átt erfitt með að hætta. Hafi hún viljað segja vinnuveitendum sínum raunverulega ástæðu fyrir því að hún væri að hætta en ekki hafi vakað fyrir henni að ákærði myndi missa vinnuna. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, C, hafi átt erfitt með að hlusta á þessa sögu og nokkru síðar sagt brotaþola að ákærða yrði sagt upp vinnunni. Brotaþoli hafi í kjölfar þessa fengið aðra vinnu. Málið hafi haft mikil áhrif á allt líf hennar og hafi útskrift hennar úr [...] seinkað vegna þessa. Allt hafi breyst. Ákærði hafi síðan reynt að koma höggi á brotaþola með því að höfða vitnamál á hendur henni. Það hafi fyllt mælinn og brotaþoli ákveðið að leggja fram kæru. Lífið hafi verið algjör martröð. Nú eigi brotaþoli [...] [...]. Hún kvaðst hafa látið [...] vita um mál sitt eftir að ákærði var kominn þangað í vinnu. Hafi hún gert það vegna þess að innan [...] kynnu að vera ungar stúlkur sem ákærði kynni að brjóta gegn.

Framkvæmdastjóri lýsti því að brotaþoli hefði komið að máli við vitnið milli jóla og nýárs 2017 og skýrt frá því að ákærði hefði brotið gegn henni í samkvæmi sem hefði verið haldið í vinnunni. Hafi vitnið spurt

brotþola af hverju hún væri núna að segja frá atvikinu og hafi brotþoli sagt að hún vildi einungis láta vita af atvikinu. Viku síðar hafi vitnið boðað ákærða á sinn fund og haft fjármálastjóra fyrirtækisins á þeim fundi. Hafi vitnið greint frá því að hafa fengið tilkynningu sem hann liti á sem trúnaðarbrot. Ákærði hafi engu neitað en strax sagt að hann vildi fá að ræða við brotþola. Hafi það verið áður en vitnið nefndi nafn brotþola. Fundurinn hafi endað á því að ákærða hafi verið sagt upp störfum. Ákærði hafi ekki mótmælt uppsögninni. Vitnið kvað brotþola hafa gengið illa í vinnunni eftir þetta tiltekna samkvæmi. Þegar brotþoli hafi upplýst um brot ákærða hefði vitnið fengið þá samtengingu sem hafi vantað inn í myndina og um leið skýringu á því af hverju brotþola hefði gengið svona illa. Brotþoli hafi verið mjög langt niðri þegar hún sagði vitninu frá brotinu. Hafi hún ekki óskað eftir því að ákærða yrði sagt upp störfum. Henni hafi farið að ganga betur í starfi eftir að ákærði fór af vinnustaðnum. Ákærði hafi spurt hvaða skýring yrði gefin á brottvarfi hans og hafi vitnið sagt að sú skýring yrði gefin að um væri að ræða skipulagsbreytingar. Hafi vitninu fundist sem ákærði vissi upp á sig sökina.

Fjármálastjóri kvaðst hafa frétt af máli ákærða og brotþola þegar framkvæmdastjóri fyrirtækisins hefði í upphafi árs 2018 greint vitninu frá málinu. Hafi framkvæmdastjórinn lýst því þannig að ákærði hefði brotið kynferðislega gegn brotþola. Þau hafi velt framhaldinu fyrir sér innan fyrirtækisins. Ákveðið hafi verið að segja ákærða upp störfum. Hafi vitnið verið á fundinum þegar það var gert. Hafi vitnið setið með framkvæmdastjóranum þegar rétt var við ákærða. Framkvæmdastjórinn hafi opnað fundinn með því að segja að starfsmaður innan fyrirtækisins hefði sagt ákærða hafa brotið gegn sér. Ákærði hafi brugðist við með því að segja að hann hefði vitað að hann væri í slæmum málum. Hafi hann ekki andmælt ávirðingunum. Ekki hafi þá verið búið að nefna brotþola á nafn. Hafi ákærði viljað fá að ræða við brotþola fyrir brottför en það hafi ekki verið heimilað. Rétt hafi verið um að skýra brottvarf ákærða með skipulagsbreytingum. Brotþoli hafi ekki farið fram á að ákærða yrði sagt upp störfum.

Vitnið E, vinur brotþola, kvaðst hafa kynnst brotþola á námsárunum í [...]. Hafi þær verið saman í [...]. Einhverju sinni haustið 2016 hafi brotþoli greint vitninu frá því að hún hefði verið í vinnustaðarsamkvæmi. Þá hafi þær verið fyrir utan [...]. F hafi einnig verið viðstödd. Hafi brotþoli greint frá því að ákærði hefði verið sér samferða heim þar sem hann hefði átt að fá að gista. Hafi brotþoli greint frá því að hún hefði búið um ákærða á sófa og síðan farið að sofa. Hafi hún síðan vaknað við það að ákærði hefði verið að hafa við hana samfarir, gegn vilja hennar. Ákærði hafi ekki hætt þrátt fyrir að brotþoli hefði beðið hann um það heldur haldið samræðinu áfram, meðal annars um endaparm. Vitnið og F hafi hvatt brotþola til að kæra. Vitnið kvaðst hafa kynnst brotþola á árinu 2014 og séð breytingu á henni á þessum tíma. Hafi brotþoli verið langt niðri og tjáð sig um að sér liði oft illa. Þá hafi henni fundist erfitt að mæta í vinnuna þar sem ákærði væri einnig. Vitnið bar að brotþola liði illa enn í dag.

Vitnið F, vinkona brotþola, kvaðst hafa kynnst brotþola í [...] á árinu 2014. Haustið 2016, utandyra í [...], hafi brotþoli greint vitninu og E frá málinu. Hafi brotþoli lýst því þannig að maður hefði brotið gegn sér kynferðislega eftir skemmtun í vinnunni. Maðurinn hafi átt að gista í sófa í stofunni en brotþoli vaknað upp við að hann hefði verið að hafa samræði við hana. Um hafi verið að ræða samræði um leggöng og endaparm.

Vitnið D, vinur brotþola, bar að vitnið hefði unnið með brotþola í fyrirtæki sem brotþoli hefði ráðið sig til í apríl 2016. Brotþoli hafi greint vitninu frá umræddu atviki. Brotþoli hafi verið í miklu uppnámi á þeim tíma. Samtalið hafi farið fram á skrifstofu vitnisins. Vitnið kvaðst hafa haft samband við Stígamót til að leita upplýsinga um hvernig best væri að styðja þolendur kynferðisafbrota. Í framhaldi hafi vitnið reynt að styðja brotþola með því að vera í meira sambandi og hjálpa eins og unnt væri. Hafi vitnið fengið þau ráð að þrýsta ekki á brotþola. Vitnið hafi tekið eftir ákveðnum breytingum í háttum brotþola áður en hún greindi frá atvikinu. Hafi það komið heim og saman við að brotþoli hefði lent í einhverri lífsreynslu eins og kynferðisbroti. Hafi það verið hlutir eins og óvenjuleg samskipti á milli ákærða og brotþola á kaffistofu í vinnunni. Til að mynda hafi ákærði eitt sinn beðið brotþola að rétta sér salt og hafi hún gert það án þess að horfa á ákærða. Á jólagleði sem hafi verið haldin í vinnunni hafi ákærði sagt á ensku við brotþola „sorry“. Hafi ákærði verið bæði ölvaður og grátandi.

Vitnið B kvað ákærða og brotþola hafa unnið á sama stað og vitnið. Einhverju sinni hafi starfsmenn verið að skoða nýjar skrifstofur fyrirtækisins og þá hafi brotþoli ekki verið byrjuð að vinna hjá fyrirtækinu.

Starfsfólkið hafi farið á veitingastað eftir skoðunina. Þegar vitnið og annað starfsfólk hafi verið að fara heim og verið að bíða eftir leigubíl hafi brotaþoli spurt vitnið hvort hann vildi gista. Hafi vitnið afþakkað boðið en ákærði þá gefið sig fram og sagt að hann vildi þiggja boðið. Myndi vitnið eftir því að hafa á sínum tíma þótt framkoma ákærða óviðeigandi því vitninu hefði verið boðin gistingin. Ári eftir þetta hafi brotaþoli lýst fyrir vitninu hvað hefði gerst þessa nótt.

Fyrirverandi kærasta ákærða kvaðst hafa hætt með honum sumarið 2019. Ákærði hafi lýst því fyrir vitninu að hann hefði brotið gegn fyrirverandi samstarfsmanni sínum. Hafi ákærði verið drukkin eftir samkvæmi og tekið líkamstjáníngu brotaþola sem samþykki fyrir samræði. Hafi ákærða ekki orðið ljóst fyrir en síðar að samþykki hefði ekki legið fyrir.

Ráðgjafi hjá Stígamótum staðfesti vottorð vegna komu brotaþola til Stígamóta. Brotaþola hafi liðið mjög illa við komu. Hafi hún verið með mikinn kvíða, sem einkenni oft mál af þessum toga.

Geðlæknir sem ritaði vottorð vegna brotaþola kom fyrir dóminn. Fram kom að brotaþoli hefði tjáð sig um brotið. Hafi kvíði og þunglyndi einkennt líðan hennar. Henni hafi liðið mjög illa.

Sálfræðingur sem ritaði vottorð vegna brotaþola lýsti því að brotaþoli væri enn í viðtölum. Alls hefði brotaþoli komið sautján sinnum til vitnisins, en um væri að ræða sjö skipti eftir að vottorðið var ritað. Umrætt kynferðisbrot ætti stærstan þátt í vanlíðan brotaþola. Á sínum tíma hafi vitnið talið að eldra samband brotaþola hefði haft töluverð áhrif á líðan hennar en væri þess fullviss nú að kynferðisbrotið vægi þyngst. Væri brotaþoli með áfallastreituröskun vegna þess. Líðanin vegna fyrra sambands væri liðin hjá en eftir sæti líðanin vegna kynferðisbrotsins. Brotaþoli hafi verið trúverðug í frásögn sinni og samkvæm sjálfri sér.

Niðurstaða:

Samkvæmt ákæru er ákærða gefið að sök að hafa að næturlagi eða snemma morguns í apríl 2016, á þáverandi heimili brotaþola í [...], haft samræði við brotaþola, sem hafi legið sofandi í rúmi sínu og ekki getað spornað við samræðinu sökum svefndruna og ölvunar, og eftir að brotaþoli hafi vaknað beitt hana ofbeldi og ólögmatrí nauðung og án samþykkis haft við hana endaparmsmök, meðal annars með því að halda henni fastri. Er þetta talið varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði krefst aðallega frávísunar. Reisir ákærði frávísunarkröfuna á því að málsmeðferðin hafi verið ámælisverð og farið gegn rétti ákærða til réttlátrar málsmeðferðar. Í 1. málsl. 2. mgr. 53. gr. og 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála sé kveðið á um að ákærendur skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós. Markmið rannsóknar samkvæmt 53. gr. laganna sé að afla nauðsynlegra gagna til þess að ákærandi sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til saka, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar fyrir dómi. Ákærði hafi verið boðaður þrisvar í skýrslutöku, sem hann hafi mætt í með lögmanni sínum. Í fyrri tvö skiptin hafi lögreglufulltrúi ákveðið að hætta við að láta skýrslutöku fara fram þegar sakborningur hafi krafist þess að fá að vita sakarefnið. Í þriðju yfirheyrslunni hafi verið lögð fram bókun af hálfu verjanda. Þrátt fyrir það hafi ákærða ekki verið kynnt sakarefnið með tilhlýðilegum hætti.

Í ákvæði 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, komi skýrlega fram í a-lið að sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli án tafar, á máli sem hann skilji, fá vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sæti. Þá komi fram í ákvæði 28. gr. laga nr. 88/2008 sá réttur sakbornings að fá upplýsingar um sakarefnið áður en skýrsla verði tekin af honum og í samræmi við það sé lögreglu skylt að gera honum grein fyrir því við upphaf skýrslutöku, sbr. 1. mgr. 64. gr. sömu laga. Ekki hafi verið gætt að þessum lágmarksrétti við meðferð málsins hjá lögreglu og ákærandi.

Í 108. gr. laga nr. 88/2008 sé mælt fyrir um þá meginreglu að sönnunarbyrði hvíli að jafnaði á ákæruvaldinu. Rannsókn eigi að vera að fullu lokið þegar ákæra sé gefin út, sbr. 1. mgr. 53. gr. og 1. og 2. mgr. 57. gr. sömu laga. Málið hafi ekki verið rannsakað til hlítar. Hafi ákærða ekki gefist færi á að koma að sínum sjónarmiðum við rannsókn málsins. Sá háttur að vísa einungis í hegningarlagaákvæði við upphaf yfirheyrslu sakbornings geti ekki talist fullnægjandi. Ákærða hafi aldrei verið kynnt sakarefnið með fullnægjandi hætti, þrátt fyrir að hann hafi ítrekað reynt að fá upplýsingar um það.

Ákæruvaldið hefur mótmælt frávísunarkröfu ákærða. Hafi ákærða verið kynnt sakarefnið með nægjanlega greinargóðum hætti í yfirheyrslu 16. ágúst 2019.

Samkvæmt gögnum málsins mætti ákærði til skýrslugjafar hjá lögreglu 19. júlí 2019. Í skýrslu lögreglu er skráð að heiti brots sé kynferðisbrot, nauðgun. Skýrslutaka hefst kl. 14:18 og er lokið kl. 14:22. Óskar ákærði eftir því að tilgreindur lögmaður verði tilnefndur verjandi ákærða. Næst mætti ákærði á lögreglustöð 26. júlí 2019 og mætir þá með ákærða Einar Gautur Steingrímsson lögmaður. Skýrslutaka hefst kl. 14:20 og er lokið kl. 14:24. Aftur óskar ákærði eftir því að tilgreindur lögmaður verði tilnefndur verjandi hans. Aftur er fært í skýrsluna að brotið sé kynferðisbrot, nauðgun. Ákærði er í þriðja sinn mættur í skýrslutöku hjá lögreglu 16. ágúst 2019. Þá mætir með ákærða hinn tilgreindi lögmaður sem tilnefndur er verjandi ákærða. Skýrslutaka hefst kl. 09:02 og er lokið kl. 09:11. Í upphafi skýrslutökunnar er ákærða gerð grein fyrir því að málið varði kæru brotþola á hendur ákærða frá 4. júní 2019 vegna kynferðisbrots sem framið hafi verið þann 20. apríl 2019 að heimili brotþola í [...]. Í skýrslutökunni áréttar rannsóknarlögreglumaður að umrætt brot sem sé til rannsóknar geti varðað við 194. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði svaraði engum spurningum rannsóknarlögreglumanns heldur nýtti sér rétt sinn til að tjá sig ekki.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr., sbr. 1. mgr. 64. gr., laga nr. 88/2008 á sakborningur rétt á að fá upplýsingar um sakarefni áður en skýrsla er tekin af honum út af því eða við handtöku ef til hennar kemur. Ákærða var kynnt sakarefnið í upphafi skýrslutökunnar 16. ágúst 2019. Engin skýrsla var tekin af ákærða í hin tvö skiptin. Að því verður að gæta að skýrslutaka af sakborningi fer jafnan þannig fram að hann gefur sjálfstæða frásögn í upphafi, en síðan er framburður brotþola borinn undir hann á síðari stigum. Verður ekki séð að um slíkt frávik hafi verið að ræða frá rétti sakbornings í máli þessu til að fá upplýsingar um kæruefnið að varði frávisun málsins frá dómi.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu á þeim grundvelli að hann hafi ekki brotið kynferðislega gegn brotþola og hafi ákærvaldinu ekki tekist að sanna sök ákærða. Kveðst ákærði hafa farið heim með brotþola umrætt sinn, í hennar boði, og um nóttina haft samræði við hana með hennar vilja. Þau hafi ekki haft endaparmsmök.

Brotþoli hefur lýst því fyrir dóminum að hún hafi vaknað við það að ákærði hafi verið að hafa samræði við hana. Brotþoli hafi beðið ákærða að hætta, en hann hafi ekki gert það. Hafi ákærði beitt brotþola þvingunum og m.a. haldið um hendur hennar. Hann hafi þvingað brotþola til endaparmsmaka. Brotþoli lýsti því að hún hefði ætlað að reyna að lifa með þessum atburði án þess að kæra hann til lögreglu og sótt sér margs konar aðstoð í því tilliti. Að endingu hafi hún ákveðið að kæra, en það hafi verið eftir að ákærði höfðaði vitnamál á hendur henni til að gera tilraun til að hreinsa sig af orðrómi um að hann hefði brotið gegn brotþola.

Brotþoli var trúverðug undir meðförum málsins og var innbyrðis samræmi hjá henni um öll meginatriði þess. Var augljóst við skýrslutökuna fyrir dómi að mjög fékk á brotþola að lýsa atvikinu. Ýmis atriði, sem fram hafa komið undir rannsókn og meðförum málsins, styðja framburð brotþola. Þannig voru ákærði, brotþoli og öll þau vitni sem komu fyrir dóminn á einu máli um að töluvert áfengi hefði verið drukkið á veitingastaðnum þetta kvöld og þessa nótt og því velflestir undir áhrifum áfengis. Vitnið B kvað brotþola hafa boðið vitninu að gista, en þegar vitnið hefði ekki þegið boðið hefði ákærði gengið inn í boðið á hátt sem vitninu hefði þótt óviðeigandi. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem brotþoli var að byrja að vinna hjá bar um að brotþola hefði gengið illa í vinnu eftir að hún hóf störf þannig að framkvæmdastjórinn hefði tekið eftir því. Eftir að brotþoli hefði greint framkvæmdastjóranum frá umræddu atviki hefði hann fundið tenginguna við slæmt gengi brotþola í vinnunni. Eftir að ákærði hætti störfum hefði brotþola farið að ganga betur. Framkvæmdastjórinn bar síðan að ákærði hefði ekki neitað þessum ávirðingum er hann hefði borið þær upp við hann, eins og hann hefði vitað upp á sig skömmina. Fjármálastjóri fyrirtækisins sem einnig var stödd á sama fundi staðfesti þetta. Þá hafa komið fyrir dóminn þrjú vitni sem öll voru vinir brotþola. Báru þau um breytta líðan brotþola eftir atvikið og hefði henni farið að líða mjög illa. Þá lýsti vitnið D því að hafa tekið eftir stírdum samskiptum ákærða og brotþola í vinnunni og hefði brotþoli t.a.m. ekki litið til ákærða er hún hefði, að beiðni hans, rétt honum salt á kaffistofunni. Loks bar þetta vitni um að ákærði hefði beðið brotþola afsökunar á jólaskeggtun sem haldin var í fyrirtækinu í lok þess árs sem atvikið átti sér stað. Að síðustu er þess að geta að sálfræðingur hefur rakið áfallastreituröskun er brotþoli greindist með til þessa atburðar.

Ákærði var í sjálfu sér ekki ótrúverðugur þegar hann gaf skýrslu fyrir dómi, þó svo sumt hafi haft yfir sér sérkennilegan blæ. Hann kaus að tjá sig ekki hjá lögreglu. Til hins er að líta að þau sönnunargögn sem vísað er til hér að framan styðja eindregið framburð brotaþola, sem lagður verður til grundvallar niðurstöðu í málinu. Með því er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi haft samræði við brotaþola umrætt sinn þar sem brotaþoli lá sofandi í rúmi sínu og gat ekki spornað við samræðinu sökum svefndrunga og ölvunar og eftir að brotaþoli vaknaði beitt hana ofbeldi og ólögmati nauðung og án samþykkis haft við hana endaparmsmök. Fyrri hluti háttseminnar varðar við 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940, en sá síðari við 1. mgr. sama ákvæðis. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur [...] 1991. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé. Ákærði hefur hér fyrir dómi verið sakfelldur fyrir nauðgun. Á hann sér engar málsbætur. Með hliðsjón af þessu, sbr. og 1., 2., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, og því að nokkuð er um liðið síðan brotið var framið er refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Af hálfu brotaþola er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna, auk vaxta. Um bótagrundvöll er vísað til 26. gr. laga nr. 50/1993. Miðað við framlögð vottorð hefur brotaþoli glímt við mikinn miska eftir atvikið. Þurfti hún meðal annars, vegna nærveru ákærða, að hætta í vinnu sem hún nýlega hafði ráðið sig í. Þá er tímabil þjáninga langt, en fram kom fyrir dóminum að hún glímir enn við afleiðingar brotsins. Á hún því rétt á miskabótum vegna saknæmrar og ólögmatrar hegðunar ákærða. Eru miskabætur ákveðnar 3.000.000 króna. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt yfirliti og málsvarnarþóknun verjanda og þóknun réttargæslumanns sem í dómsorði greinir. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þröstur Thorarensen, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði A miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 26. apríl 2016 til 7. júní 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 3.677.362 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar lögmanns, 2.156.360 krónur, verjandaþóknun Einars Gauts Steingrímssonar lögmanns 321.160 krónur og réttargæsluþóknun Ingu Lillyjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 1.018.970 krónur.